

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi og breytingu á hverfisskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Elliðaárdalur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að bætt er við tengistíg frá Rafstöðvarvegi 1A (jarðhús ofan Ártúnsbrekku) og til suðurs að núverandi stofnstíg sunnan aðkomuvegar að Rafstöðvarvegi 1A. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fálkabakki 1, Fálkaborg.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. september 2022, breytingu á hverfisskipulaginu „6.1 Breiðholt“ vegna lóðarinnar nr. 1 við Fálkabakka. Í breytingunni felst stækkun á skipulagssvæði til norðurs, stækkun á leikskólalóð og núverandi byggingarreit leikskólans ásamt því að bætt er við byggingarreit fyrir tímabundna kennslustofu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 5. október 2022.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 20. október 2022